



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.08.19
Málalýkið	07.20
Mál nr.	17/2051

Garðabær
b.t. Guðjóns Erlings Friðrikssonar bæjarritara
Garðatorgi 7
210 GARDABÆ

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 113
105 REYKJAVÍK


Reykjavík, 13. ágúst 2019
Tilvísun: 2017121720/ÞS

Efni: Rafræn vöktun við Álfanesveg í Garðabæ

1. Bréfaskipti

Vísað er til fyrri bréfaskipta af tilefni ábendingar til Persónuverndar um uppsetningu Garðabæjar á eftirlitsmyndavél við Álfanesveg. Með bréfi til sveitarfélagsins, dags. 4. desember 2017, minnti Persónuvernd á þær reglur sem gilda um rafræna vöktun. Þá óskaði stofnunin þess að upplýst yrði hvort viðhaft væri myndavélaeftirlit við Álfanesveg eða aðra vegi innan sveitarfélagsins og upplýst hvernig það eftirlit væri þá talið samrýmast umræddum reglum.

Svarað var með bréfi, dags. 18. desember 2017. Þar segir að Garðabær hafi staðið að uppsetningu fyrrnefndrar eftirlitsmyndavélar, en um sé að ræða samstarfsverkefni sveitarfélagsins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Neyðarlínunnar ohf. Fyrir liggi drög að samstarfssamningi þar sem fram komi hlutverk hvers og eins samstarfsaðila að verkefninu og sé tekið fram í 2. gr. draganna að lögreglan muni annast vörslu á upptökum samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum Persónuverndar. Þar sem ekki hafi verið gengið frá undirritun samnings, né heldur lokið við að koma fyrir merkingum með viðvörðunum um rafræna vöktun, sé umrædd öryggismyndavél óvirk og eigi engar upptökur sér stað. Hafi Garðabær í samræmi við hlutverk sitt samkvæmt samningsdrögum lokið við uppsetningu vélarinnar og hafi upptökur farið fram til að kanna virkni hennar, en enn eigi engar upptökur sér stað og hafi myndefni, sem safnast hafi við upptökur í tilraunaskyni, verið eytt. Á vegum Garðabæjar hafi ekki verið settar upp neinar aðrar vélar við vegi innan bæjarmarka.



Hjálögð með bréfi Garðabæjar voru umrædd samningsdrög. Segir í 1. gr. draganna að Garðabær kaupi öryggismyndavélur til nota í sveitarfélaginu, sjái um uppsetningu þeirra og teljist eigandi þeirra. Skuli bærinn gæta þess að vélarnar séu vel merktar með viðvörðunum um rafræna vöktun. Jafnframt er tekið fram í 2. gr. draganna að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu útvegi búnað vegna móttöku á merkjum úr vélunum, upptökubúnað og annist vörslu á upptökum samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum Persónuverndar. Muni lögreglan annast vöktun á myndefni og taka ákvörðun um aðgang annarra neyðaraðila að myndefni í rauntíma, auk þess sem hún ákveði staðsetningu og gerð vélanna í samráði við Garðabæ og Neyðarlínuna. Þá er í 3. gr. draganna fjallað um meðal annars það hlutverk Neyðarlínunnar að sjá um samskipti og samninga vegna uppsetningar vélanna. Samkvæmt inngangi draganna er vélunum eingöngu ætlað að þjóna þörfum lögreglu og annarra neyðaraðila.

II. Niðurstaða

Af bréfaskiptum verður talið ljóst að umræddri vöktun sé eingöngu ætlað að fara fram í þágu starfa lögreglu og annarra neyðaraðila, sem og að eingöngu lögregla muni hafa aðgang að myndefni. Ætla verður að vöktunin falli að verulegu leyti undir lög nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, sbr. 3. gr. laganna þar sem fram kemur að undir gildissvið þeirra sé felld slík vinnsla sem fram fer hjá lögbærum yfirvöldum, sem og öðrum opinberum aðilum eða einkaaðilum á grundvelli sérstakrar lagaheimildar eða vinnslusamnings við hlutaðeigandi lögbært yfirvald. Leggur Persónuvernd áherslu á að fara verður að meðal annars grunnreglu e-liðar 1. mgr. 4. gr. laganna um að persónuupplýsingar skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu, en í því verður meðal annars talið felast að myndefni, sem safnast við rafræna vöktun lögreglu, skuli eytt þegar þess gerist ekki lengur þörf. Þá verður að fara að grunnreglu a-liðar 1. mgr. 4. gr. laganna um sanngirni við vinnslu, en líta verður svo á að þar undir falli meðal annars gagnsæi gagnvart hinum skráða eftir því sem kostur er, sbr. 26. lið formála tilskipunar (ESB) 2016/680 sem innleidd var með lögunum. Meðal þess sem telja verður að falli þar undir er að settar séu upp merkingar um rafræna vöktun á almannafæri. Í því sambandi leiðbeinir Persónuvernd Garðabæ og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um að kynna sér nýlegar leiðbeiningar Evrópska persónuverndarráðsins, nr. 3/2019, um vinnslu persónuupplýsinga með myndbandstækni (e. Guidelines on processing of personal data through video devices), en þar er að finna fyrirmynd að því hvernig slíkar merkingar skuli líta út. Umræddar leiðbeiningar má nálgast á vefsíðu ráðsins, www.edpb.europa.eu, undir hnappnum „Our work and tools“, „General Guidance“.

Lög nr. 75/2019 gilda því aðeins að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í löggæslutilgangi, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, þ.e. til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsivíðurlögum, þ.m.t. til að vernda gegn og koma í veg fyrir ógnir við almannaoöryggi, sbr. 8. tölul. 2. gr. laganna. Að einhverju marki kann myndefni, sem safnast við umrædda vöktun, að teljast notað í annars konar tilgangi en samkvæmt framangreindri skilgreiningu, s.s. ef tilefni skodunar þess er rannsókn á slysi eða mannshvarfi þar sem ekki er uppi grunur um refsiverða háttsemi. Gilda þá lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem hafa að geyma sömu kröfur og fyrr er lýst, sbr. 1. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 14. gr. þeirra laga. Tekið skal fram í því sambandi að telja má líkur á því að oft geti rannsókn lögreglu í upphafi beinst að því hvort refsiverð háttsemi hafi átt þátt í atviki sem myndefni úr öryggismyndavélum getur varpað ljósi á. Má því ætla að umrædd vöktun kunni að langmestu leyti að falla undir lög nr. 75/2019 og þar með ekki lög nr. 90/2018, sbr.




5. mgr. 4. gr. þeirra laga, þess efnis að þau gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu á honum. Ekki er hér hins vegar tekin bindandi afstaða til þess.

Að því gefnu að farið sé að framangreindum kröfum gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umrædda vöktun. Þá biðst stofnunin velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á málsmeðferð.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Vigdís Eva Línal

Afrit sent persónuverndarfulltrúa Garðabæjar.